



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þátttöku borgarbúa á fundum íbúaráða

Á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020, var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til meðferðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, sbr. 32. lið fundargerðar borgarráðs s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins fýsir að vita hversu mikil þátttaka borgarbúa er á fundum/streymi funda íbúaráða? Tillaga um framlengingu tilraunaverkefnis um ný íbúaráð er lögð fram í borgarráði Fulltrúi Flokks fólksins telur að íbúaráðin hljóti að vera komin til að vera. Þau hafa mikilvægu hlutverki að gegna og ekki síst að vera tengiliður borgarbúa og stjórnkerfis. Kynna þarf rækilega að fundir íbúaráða eiga að vera opnir borgarbúum, um leið og COVID ástandinu lýkur. Oskað er eftir upplýsingum um hversu mikinn áhuga borgarbúar hafa á fundum íbúaráðanna.

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Fundir íbúaráða hafa verið í fjarfundarformi og þeim streymt á Facebook-síðu Reykjavíkurborgar frá því í ágúst síðastliðnum. Að jafnaði hafa um 20-50 verið inni á streymi funda íbúaráða hverju sinni. Tölurnar hafa í einstaka skipti verið hærri, en einnig í einstaka skipti verið lægri. Ef þessar tölur eru bornar saman við fjölda íbúa sem mættu þegar íbúaráðin funduðu með hefðbundnum hætti, þá fylgjast töluvert fleiri með streymi. Íbúum stendur til boða að senda inn spurningar eða athugasemdir inn á fundi á tölvupóstfang íbúaráða. Þá hafa íbúar einnig skrifað athugasemdir við streymið á Facebook-síðu borgarinnar. Íbúaráðin hafa gert sitt besta til að bregðast við slíkum erindum íbúa jafnóðum.

Í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs þá er fyrirspurnin á forræði mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og því lögð þar fram til afgreiðslu ásamt meðfylgjandi svari.

Með kveðju

Elísabet Pétursdóttir